

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/339/EB frá 8. maí 2006 um að auka notkun rafmagns úr landi í skipum meðan þau eru við bryggju í höfnum Bandalagsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 42. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/532/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„43. **32006 H 0339**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/339/EB frá 8. maí 2006 um að auka notkun rafmagns úr landi í skipum meðan þau eru við bryggju í höfnum Bandalagsins (Stjtið. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2006/339/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 30, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.